

21.04.2017 - Umhverfisnefndarfundur

Mættir eru: Ylfa, Mikael, Cisa, María, Tristan, Freyja, Aldís, Fanney, Arna og Helena.

- Umhverfisdagurinn, þriðjudaginn 25. apríl. Síðustu ár hafa komið gestafyrirlesarar en í ár höfum við ekki náð að fá einhvern utanaðkomandi. Við byrjum á smá hitting á sal 8:20. Umhverfisnefndin hefur smá kynningu. Hægt að kynna ruslatunnurnar, þrjár tunnur (plast, pappi, ál/almennt/flöskur). Hægt að kynna skiltið með lausagang bifreiða ef það er komið. Umhverfisdagurinn er rafmagnslaus. Setja vasaljós inn á klósettin t.d. Aðal innleggið er pokinn með óskilamuninum þar sem nefndin ætlar að verðleggja óskilamunina.
 - Kynning
 - Ruslatínsla (yngsta stig týnir í kringum skóla, miðstig á vellinum hjá gamla skóla og þar, unglingastig fer niður með ánni).
 - Útiverkefni.
 - Hádegismatur – grillpinnar úti, ávaxtastundin einnig út. Uppvaskið er úti.
 - Eftir hádegi meira val. Kennsla inni eða úti.
- Búið að panta skilti með logoi til að fá fólk til að drepa á bílnum. Lausagangur bifreiða bannaður – Ein jörð – bílar menga.
- Fórum í gegnum fatapokann og máttum verðið á fötunum. Pokinn var á 50.000.
- Á umhverfisdaginn heldur Tristan uppi tunnunum. Aldís heldur uppi skiltinu. María og Cisa sjá um fatapokann.
- Fengum 21 síma inn í símaátakinu. Ætli það sé gott eða slæmt? Hvað ætli það séu margar fjölskyldur á bakvið 93 nemendur?
- Mikið að gera í umhverfisnefnd á þessum tíma. Helena er að skrifa umsókn og sendir inn til að sækja um Grænfánann, þann fimmta. Fengum þann fyrsta 2009. Það er byrjað að tína saman í Heiðarsóley. Um miðjan maí er Survivor dagurinn, gróðursetningardagurinn, yngsta stig hittir leikskólann og fleira.
- Survivor dagurinn ræddur. Það má koma með tillögur að breytingum. Nemendur í nefndinni vilja hafa bekk.
- Ræddum aðeins vegan og af hverju fólk er grænmetisætur eða vegan. Er það af umhverfisverndarástæðum eða einhverjar aðrar ástæður að baki? Bandaríkjamenn borða mikið af nautakjöti sem mengar mikið.

Fundi slitið